


## LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.:	<b>2016-021F010</b>
Dags:	<b>21. apríl 2016</b>
Staður:	<b>Eyjafirði</b>
Lýsing:	<b>Flugvél í sjónflugi flaug inn í ský</b>

Einkaflugmaður í atvinnuflugnámi á einkaflugvél TF-ISE (Cessna 172) tók á loft frá flugvellinum á Akureyri kl 13:28. Um borð voru einnig tveir farþegar. Hugðist flugmaðurinn fljúga til Reykjavíkur, en fyrr um daginn hafði hann flogið flugvélinni þaðan til Akureyrar. Tilgangur flugsins var að öðlast aukna reynslu



í flugi. Veður var bjart og heiðskirt á Akureyri, en sunnar í Eyjafirði og á leiðinni til Reykjavíkur var skyggni verra og átti veður að fara versnandi með deginum. Á þessum tíma hafði flugmaðurinn ekki hafið formlega blindflugspjálfun í atvinnuflugsnámi sínu, en þó hafði flugmennari hans í einkaflugnáminu tvisvar kynnt fyrir honum hvernig blindflug er flogið.

Eftir flugtak frá Akureyrarflugvelli var flugvélinni flogið upp Garðsárdal. Þegar flugvélin kom upp úr botni dalsins var stefnan tekin til suðvesturs í átt að Skjónafelli í eystri botni Eyjafjarðar. Skömmu síðar, um kl 13:50 í um 7500 feta hæð, var flugvélinni flogið inn í ský og missti flugmaðurinn við það öll sjónflugsviðið. Flugmaðurinn hafði samband við

flugturninn á Akureyrarflugvelli og tilkynnti að hann væri kominn í ský, sæi ekki neitt, væri ekki með blindflugsréttindi og bað um ratsjárstefningu<sup>1</sup>.

Flugumferðarstjórinn í flugturninum á Akureyrarflugvelli tilkynnti flugmanninum að hann gæti ekki veitt þá þjónustu<sup>2</sup>, en bað flugmanninn að segja sér hvert hann stefndi, bað hann að taka rólegar beygjur og treysta mælunum.

Flugmaðurinn tók eftir á mælitækjum að stefnusnúður snérist hratt, flugvélin var kominn í 60° halla og missti hún hæð. Flugmaðurinn leiðrétti halla flugvélarinnar og með aðstoð áttavita, GPS tækis og flugumferðarstjórans tók hann stefnuna í átt að Eyjafirði.

Þegar flugvélin nálgast Eyjafjörð tók flugmaðurinn eftir gati í skýjum niður í Eyjafjörð. Lækkaði flugmaðurinn flugið í hringflugi milli skýja og tók stefnuna í norður í átt að Akureyri þegar hann var laus við ský. Lenti flugmaðurinn flugvélinni á flugvelli á Akureyri án vandkvæða.

Við rannsóknina kom í ljós að flugmaðurinn hafði ekki fyrri flugmannsreynslu af flugi til Akureyrar. Einnig kom í ljós að flugvélin hafði verið í samfloti með annarri flugvél um morguninn til Akureyrar, en sú flugvél snéri við til Reykjavíkur rúmri klukkustund fyrr og án vandkvæða. Einnig kom í ljós að flugmaðurinn var illa sofinn nóttina á undan ásamt nóttunum þar á undan, en prófatörn var í atvinnuflugnáminu hjá honum. Flugmaðurinn sagði að venjulega svæfi hann stutt, en þessar nætur hefði hann sofið óvenjulega stutt, eða einungis milli 3 – 4 klst á nóttu.

Það er mat RNSA að flugmaðurinn hafi ekki verið nægilega hvíldur fyrir umrætt flug og ákvörðunin um að leggja í það hafi verið illa ígrunduð m.t.t. sjónflugsskilyrða og þreytu flugmanns.

---

<sup>1</sup> Vectoring - Stefnuþjónusta veitt af flugumferðarstjórn.

<sup>2</sup> Flugumferðarstjórinn sá TF-ISE eingöngu skjá sem tengdur er ratsjá Flugstjórnar, en flugumferðarstjórar á flugvelli á Akureyri hafa eingöngu aðgang að þeirri ratsjá til upplýsingar fyrir aðflug en ekki til kögunarþjónustu.

**Tilmæli:**

RNSA hvetur flugmenn til þess að huga að hvíld fyrir flug.

RNSA hvetur flugmenn að huga vel að veðri á flugleið áður en lagt er á stað í sjónflugi.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 22. júní 2017.